

Jarðfræðafélag Íslands

Skýrsla stjórnar fyrir starfsárið 2022–23

<https://doi.org/10.33799/jokull2023.73.122o>

Á fyrri hluta starfsársins störfuðu í stjórn félagsins: Þorsteinn Sæmundsson (formaður), Michelle Maree Parks (varaformaður), Lúðvík Eckardt Gústafsson (gjaldkeri), Hafdís Eygló Jónsdóttir (ritari), Halldór Geirsson, Bjarni Gautason og Ásta Rut Hjartardóttir (meðstjórnendur). Á aðalfundi þann 9. maí var stjórnin endurkjörin.

Starfsemi félagsins var með nokkuð hefðbundnu sniði á árinu. Haldnir voru 17 stjórnarfundir, auk aðalfundar. Í árslok 2023 voru um 320 félagar skráðir í Jarðfræðafélagið.

Vorráðstefna félagsins var haldin í Öskju, Náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands, þann 10. mars og að venju var nemendum boðið frítt á ráðstefnuna. Metfjöldi þátttakenda var á ráðstefnunni og var fjöldi skráðra yfir 130 manns, en mun fleiri sóttu ráðstefnuna. Tuttugu og fimm fróðleg erindi voru flutt á ráðstefnunni og þótti hún takast mjög vel. Jarðfræðafélagið þakkar Jarðvísindadeild og Jarðvísindastofnun fyrir aðstoðuna í Öskju.

Erindi á vorráðstefnu JFÍ voru eftirfarandi:

Olgeir Sigmarsson, Jarðvísindastofnun Háskólans. Hvað veldur Heklugosum?

Ögmundur Erlendsson, ÍSOR. Neðansjávarskriður.

Alexandra von der Esch, Jarðvísindastofnun Háskólans. Electrical resistivity tomography and ground-penetrating radar measurements for permafrost detection on Strandartindur, Seyðisfjörður, East Iceland.

Birgir V. Óskarsson, Náttúrufræðistofnun Íslands. The fossilized human boot tracks in the palagonitized tuff deposits of Surtsey Island.

Sonja H. M. Greiner, Jarðvísindastofnun Háskólans. Interaction between propagating basaltic dikes

and pre-existing fractures: A case study in hyaloclastite from Dyrfjöll, Iceland.

Vigfús Eyjólfsson. Fractures and holocene eruption vents in the tuya Fagradalsfjall, Reykjanes Peninsula.

Anett Blischke, ÍSOR. Ytri-Hagi, the key to understanding the Dalvík Lineament? A structural and geothermal field assessment, North Iceland.

Magnús Tumi Guðmundsson, Jarðvísindastofnun Háskólans. Sigkatlar í jöklum á Íslandi.

Kristín Jónsdóttir, Veðurstofa Íslands. Jarðskjálftamælingar með ljósleiðurum.

Árný E. Sveinbjörnsdóttir, Jarðvísindastofnun Háskólans. Six decades of research on water stable isotopes at the Institute of Earth Sciences, Science Institute, University of Iceland.

Chiara Lanzi, Jarðvísindastofnun Háskólans. Strain localization at volcanoes undergoing extension: Investigating long-term deformation at Krafla and Askja in North Iceland.

Páll Imsland, Stóri-Hamradalur í Móhålsadal á Reykjanesskaga.

Páll Einarsson, Jarðvísindastofnun Háskólans. Safn íðorða og hugtaka í skjálftafræði og tektóník.

Jón Ólafsson, Jarðvísindastofnun Háskólans. Öskjuvatn 1975, 2012 og 2013.

Þröstur Þorsteinsson, Jarðvísindastofnun Háskólans. Plastic pollution and beach wrack on a coast in Snæfellsnes.

Kristín Vogfjörð, Veðurstofu Íslands. EPOS, Evrópska flekamælikerfið og þróun íslenskra FAIR gagnþjónusta til framtíðar.

Linus Hüne, Jarðvísindastofnun Háskólans. Temperature and salinity of the deep geothermal fluid in the Reykjanes geothermal field based on fluid inclusions.

Enikö Bali, Jarðvísindastofnun Háskólans. Major and trace element composition of the deep geothermal fluid of the Reykjanes geothermal system based on fluid inclusions of the IDDP-2 drill cores.

Sigríður María Aðalsteinsdóttir, Jarðvísindastofnun Háskólans. Solubility of geologically important minerals in hydrothermal fluids within the roots of volcanic geothermal systems.

William Charles Wenrich, Jarðvísindastofnun Háskólans. Origin of gabbro and anorthosite mineral clusters in Fagradalsfjall lavas.

Samuel Scott, Jarðvísindastofnun Háskólans. Volcanic degassing during the recent Fagradalsfjall and Meradalir eruption.

Celine L. Mandon, Jarðvísindastofnun Háskólans. Trace element transport in volcanic gases at Vulcano, Italy.

Nicolas Levillayer, Jarðvísindastofnun Háskólans. The role of segregation process in lava flow degassing.

Nína Aradóttir, Jarðvísindastofnun Háskólans. Ice-stream shutdown during deglaciation: evidence from the Iceland Ice Sheet.

Ivar Örn Benediktsson, Jarðvísindastofnun Háskólans. Fingraför forns ísstraums í Bárðardal.

Á vormánuðum tilnefndi stjórn Sigurðarmedalú, Dr. Katharine Cashman eldfjallafræðing til að hljóta medalínuna, sem er tileinkuð Sigurði Þórarinssyni. Félagið hefur því miður ekki getað sinnt skyldum sínum varðandi þessari medalú undanfarin ár, en Olgeir Sigmarsson, formaður nefndarinnar endurvakti þá skyldu félagsins. Skemmst er frá því að segja að Dr. Cashman hlaut viðurkenninguna og var henni afhent medalían á IAVCEI ráðstefnunni í Berlín þann 18. júlí og tók Magnús Tumi Guðmundsson það að sér að afhenda verðlaunin. Magnús Tumi hélt stutta kynningu um Sigurð Þórarinsson áður en verðlaunahafinn var kynntur og færði verðlaunahafanum áritað eintak af Grímsvatnagrallarannum með söngtextum Sigurðar og jöklaljóðum. Sagan segir að í kvöldverðarboði sama dag hafi Magnús sungið „Sigurjón á jökul fór“ og var gerður góður rómur að. Í tilefni verðlaunanna mun félagið bjóða Dr. Katharine Cashman til landsins á fyrri hluta árs 2024 til að halda erindi um störf sín.

Aðalfundur félagsins var haldinn í Öskju 9. maí. Hefðbundin aðalfundarstörf fóru fram og á liðnu ári bættust 25 nýir félagar í hópinn. Á fundinum voru lagðar fram breytingar á lögum félagsins, en þær höfðu verið sendar til félaga fyrir fundinn. Nokkrar athugasemdir bárust frá félagsmönnum og voru breytt lög félagsins samþykkt. Ný lög hafa verið birt á heimasíðu félagsins. Einnig voru samþykktar breytingar á úthlutun fjármuna úr Sigurðarsjóði. Tillaga stjórnar var lögð fram um viðauka við stofnskrá Sigurðarsjóðs þess efnis að styrkja meistaranema til að kynna sínar rannsóknir á alþjóðlegum ráðstefnum og var tillagan samþykkt einróma. Á fundinum voru kynntar breytingar á siðareglum félagsins og ný viðmið félagsins um góða starfshætti samþykkt. Fyrri siðareglur eru því fallnar úr gildi og siðanefnd lögð niður. Nýju viðmiðin um góða starfshætti er að finna á heimasíðu félagsins.

Í byrjun september fóru nokkrir félagar (sumir með maka) í jarðfræðiferð á vegum félagsins til Skotlands. Undirbúningur ferðarinnar hafði þá staðið yfir í rúmt ár. Flogið var til Glasgow og ekið þaðan til eyjarinnar Skye, og áfram þaðan til norðvesturhluta Skotlands, í nágrenni Moine samgengisins þar sem hægt er að sjá hvar tvö forn meginlönd, Baltica og Laurentia, rákust saman fyrir um 400 milljónum ára. Gist var á þremur stöðum, fyrst í tvo daga í Portree á eyjunni Skye, og svo í sex daga á Balnakeil House stutt frá bænum Durness. Heimleiðin til Glasgow lá um Inverness á austurströnd Skotlands þar sem gist var í eina nótt. Björn Harðarson jarðfræðingur, sem er mörgum okkar kunnur, tók að sér að leiðsегja hópnum á heimaslóðum sínum í kringum Durness og var góður rómur gerður að leiðsögn hans. Hópurinn varð ekki bara margs fróðari um jarðfræði þessa svæðis, heldur skoðaði einnig ýmsar fornar búsetuminjar mannsins frá steinöld, bronsöld og víkingaöld á þessum slóðum. Ferðasaga sem Lúðvík E. Gústafsson sá um að taka saman er að finna á heimasíðu félagsins.

Í október auglýsti félagið fjóra ferðastyrki fyrir meistaranemendur til að kynna niðurstöður meistara-verkefna sinna á alþjóðlegum ráðstefnum, tvo styrki á vegum Sigurðarsjóðs og tvo styrki frá Jarðfræðafélaginu. Fjöl margar umsóknir bárust og hlutu eftirtaldir nemendur styrk: Léa Jeanne Anna Dumon, Ása Aðal-

steinsdóttir, Patricia Camarada Jones og Diana Brum da Silveira.

Fyrirhugaðir voru tveir viðburðir félagsins á haustmánuðum. Annar viðburðurinn var hin hefðbundna haustráðstefna sem að öllu jöfnu er haldin þriðja föstudag í nóvember. Að þessu sinni bar dagsetningin upp á 17. nóvember. Á ráðstefnunni var markmiðið að heiðra minningu Leós Kristjánssonar, en hann hefði orðið 80 ára á árinu. Fjölmörg ágrip erinda bárust og var þema ráðstefnunnar Berggrunnur Íslands og jarðsaga. Hinn viðburðurinn sem átti að fara fram þann 18. nóvember var Vestmannaeyjadagurinn sem stjórn félagsins hafði verið að undirbúa ásamt mörgum öðrum stofnunum og félagasamtökum til að minnast þess að á árinu eru 50 ár liðin frá eldgosinu í Heimaey og 60 ár frá upphafi eldgossins í Surtsey. Skemmst er frá því að segja að báðum

þessum atburðum var frestað í ljósi þeirra jarðhræringa sem dundu yfir á Reykjanesskaga í nóvember. Haustráðstefnan verður því haldin 19. janúar.

Eftirfarandi nefndir störfuðu á vegum félagsins.

Jökull – fulltrúi félagsins í ritstjórn Jökuls: Gréta Björk Kristjánsdóttir. Í ritnefnd, Karl Grönvold og Kristján Sæmundsson.

Sigurðarsjóður – Þorsteinn Sæmundsson (formaður), Freysteinn Sigmundsson og Kristín S. Vogfjörð.

Sigurðarmedalía – Olgeir Sigmarsson (formaður), Sara Barsotti og Þorsteinn Sæmundsson.

IUGS (International Union of Geological Sciences, nefnd skipuð af umhverfisráðherra) – Þorsteinn Sæmundsson situr í stjórn fyrir hönd JFÍ.